

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1782*  
*komudagur 25.4.2006*

Nefndasvið Alþingis  
b.t. Hlínar L. Sigfúsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

21. apríl 2006  
Tilvísun: 2006040014

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um evrópsk samvinnufélög, 594. mál.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 4. apríl 2006, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um evrópsk samvinnufélög, 594. mál, EES-reglur. Tilgangur frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt reglugerð EB nr. 1435/2003 um samþykktir fyrir evrópsk samvinnufélög.

Fjármálaeftirlitið hefur nú yfirfarið frumvarpið og vill koma á framfæri athugasemdum við 6. og 11. gr. þess. Í báðum greinum er kveðið á um hlutverk eftirlitsins, annars vegar við þátttöku fjármálafyrirtækja í stofnun evrópsk samvinnufélags og hins vegar við er um að ræða heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja gegn flutningi skráðrar skrifstofu evrópsk samvinnufélags.

Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegt að fram komi í 6. grein frumvarpsins að forsenda þess að fjármálafyrirtæki geti tekið þátt í stofnun evrópsks samvinnufélags með samruna er að stofnun hins nýja félags falli að þeim sérlögum sem um starfsemi fyrirtækjanna gilda. Fjármálaeftirlitið gerir tillögu um að við 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins bætist eftirfarandi:

*"Þátttaka fyrirtækis sem fellur undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins í stofnun á evrópsku samvinnufélagi með samruna, skal þó ætíð vera í samræmi við ákvæði þeirra sérlaga sem um starfsemi þeirra gilda."*

Varðandi 11. gr. frumvarpsins, vill Fjármálaeftirlitið benda á að samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi er gerð krafa um að félög sem undir lögin falla séu rekin í formi hlutafélaga (utan sérstakra ákvæða um sparisjóði og gagnkvæm félög í váttryggingastarfsemi). Því kæmi aldrei að óbreyttu til greina að evrópskt samvinnufélag fengi starfsleyfi samkvæmt þeim lögum og fær Fjármálaeftirlitið því ekki séð að ákvæðið hafi raunhæft gildi.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki frekari efnislegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Jonas Fr. Jónsson

  
Björg Fengel